



Morgunblaðið/Ómar

**Eldgos „Gosaska hefur áhrif á dýr engu síður en fólk. Hún særir slímhimnu augna, öndunarfæra og meltingarfæra.“**

## Gosaska og áhrif hennar á húsdýrin

Gosaska hefur áhrif á dýr engu síður en fólk. Hún særir slímhimnu augna, öndunarfæra og meltingarfæra. Fólk getur sett á sig grímur og hlífðargleraugu en vandasamara er að varna því að askan skaði dýrin. Augu dýra sem eru á útingangi eru óvarin og þau fá í sig ösku við innöndun og með öskumenguðu drykkjarvatni og föðri.

Helsta ráðið til að verja dýrin er að halda þeim inni og reyna að koma í veg fyrir að askan berist inn. Oftast er hægt að halda köttum innandyra og hunda má fara með út í stutta stund til að láta þá gera þarfir sínar og gæta þess að þeir drekki ekki úr pollum eða fái í sig ösku á annan hátt. Áftur á móti er hægara sagt en gert að halda ýmsum öðrum dýrum innanhúss um langan tíma. Til dæmis verður fljótt óbærilegt ástand ef gluggum er lokað eða slökkt á loftræstiviftum í gripahúsum og slíkt getur skapað önnur vandamál. Verði öskufall viðvarandi næstu vikurnar geta líka komið upp vandræði vegna þrengsla í fjárhúsum þegar líður á sauðburð. Bændur á þeim svæðum þar sem aska fellur standa því frammi fyrir nýjum verkefnum, bæði nú og þegar líður á sumarið. Þá kemur í ljós hvort afréttur er nothæfur og einnig hvort unnt verður að afla fódurs með eðlilegum hætti.

Annað ráð er að flytja dýr burt af þeim svæðum sem eru í mestri hættu, en þá þarf að gæta þess að ofgera ekki dýrunum, sér í lagi þeim sem hafa lent í öskufalli og ám, kúm og hryssum sem komnar eru nálægt burði (köstun).

Magn flúors í ösku frá Eyjafjallajökli er töluvert mikið. Áhrif flúors eru margvísleg, m.a. er aukin hættu á kalkskorti hjá ám, kúm og hryssum seint á meðgöngu og um burð (köstun). Við langvarandi hátt innihald flúors í föðri geta komið í ljós breytingar á tönnum, sem gera skepnunum erfitt að bíta, tyggja og jórtra, og einnig geta orðið beinmyndanir á fótleggjum, sem geta valdið holti.

Fólk ætti að hafa strax samband við dýralækni ef dýr sem lent hafa í öskufalli veikjast.

Auður L. Arnþórsdóttir,  
söttvarnadýralæknir hjá Matvælastofnun

Nánari umfjöllun um eldgos og dýr er að finna á vef Matvælastofnunar [www.mast.is](http://www.mast.is) og á heimasíðu Dýralækn-ingastofu Helgu Finnsdóttur [www.dyrалаeknir.com](http://www.dyrалаeknir.com).